

**Ferð norska knattspyrnuþjálfarafélagsins til Lundúna  
30. janúar til 3. febrúar 2008.**

**30. janúar (miðvikudagur).**

Flogið frá Keflavík síðdegis og komið til Lundúna að kvöldi. Haldið að dvalarstað, Kensington Close hótelinu, sem er steinsnar frá Hyde Park, Royal Albert Hall and Harrods.

**31. janúar (fimmtudagur).**

Kl. 14-15. Kynning á knattspyrnuakademíu ungliða Watford FC. Fyrirlesarar Mark Warburton, aðstoðarframkvæmdastjóri akademíunnar og Nick Cox, yfirþjálfari akademíunnar. Fjallað um hugmyndafræði, uppbyggingu og þjálfun akademíunnar.

Watford er fyrsta félagið á Englandi til að bjóða upp á akademíu þar sem öllu starfi, námi og þjálfun, er lokið kl. 17 á daginn. Með því hafa þeirra iðkendur möguleika á að eiga kvöldin frí með fjölskyldu og vinum því meira að segja heimalærdómur er kláraður innan veggja akademíunnar.

Kl. 15-16. Kynning á heimasíðunni Inside Soccer ([www.insidesoccer.com](http://www.insidesoccer.com)). Fyrirlesari Jeffery Bookman, þjálfari í ungliðaakademíu Chelsea. Hér er um að ræða stórt verkefni sem mörg að helstu félagsliðum heims koma að. Síðan er alveg frí og þarna inni er mikið af æfingum fyrir alla aldurshópa og flestar með vönduðum myndböndum til útskýringa.

Kl. 16:30-21. Heimsókn á Stamford Bridge. Horft meðal annars á leik Chelsea og Leicester City í 4. umferð F. A. Youth Cup (U19).

**1. febrúar (föstudagur).**

Kl. 10:30-12. Kynning á þjálfun barna og ungmenna. Framsögumaður Andy „Clemmence“ McKnight, framkvæmdastjóri Premier Skills Ltd., sem er einkarekinn knattspyrnuskóli fyrir börn í Lundúnum.

Jafnframt tóku þátttakendur þátt í æfingu sem Andy stjórnaði og þótti mönnum mikið til koma ákafi Andys, hvergi var að finna dauðan punkt í æfingunni og mönnum haldið vel við efnið.

Kl. 13-16. Heimsókn á Emirates Stadium. Þar af hlýtt á fyrirlestur Alan Sefton um Arsenal og samfélagið og hvernig félagið nálgast börn í í tengslum við knattspyrnuíðkun. Arsenal hefur þurft að hafa mikið fyrir þessum hlut vegna byggingar Emirates og unnið mikið með samfélaginu að hinum ýmsu verkefnum. T.d. þurfti klúbburinn að byggja sorpeyðingarstöð fyrir hverfið þar sem nýji völlurinn er byggður á gömulu ruslahaugunum og fengu þeir ekki byggingarleyfi fyrr en þeir voru búnir að sjá til þess að hægt væri að fara með ruslið anna.

Kl. 17-21. Heimsókn á Hale End Sports Ground, æfingasvæði Arsenal og húsakynni ungliðaakademíu félagsins. Hlýtt á fyrirlestra um hugmyndafræði, uppbyggingu og þjálfun akademíunnar. Fyrirlesarar Roy Massey framkvæmdastjóri og Alex Welsh, markmannsþjálfari hjá akademíunni. Jafnframt fylgst með æfingum hjá drengjum akademíunnar í U8 og U13. Þarna koma vel í ljós munurinn á akademíum Arsenal og Watford því þegar við vorum þarna voru drengir sem hér væru í 6. flokki á æfingu seint um kvöld en allar æfingar hjá Watford eru búnar kl. 17. Kynnt var fyrir okkur hvernig

„scout-ar“ félagsins vinna og mest kom okkur að óvart að krakkar á þessum aldri (8 – 10) ára þurfa að skrifa undir samning um veru sína í akademíunni.

## **2. febrúar (laugardagur).**

Kl. 9:30-12. Heimsókn á Regents Park í fylgt Andy „Clemmence“ McKnight og fylgst með æfingum og kappleikjum grasrótarfélaga í Lundúnum, þ. e. U4/U5/U6/U7/U8/U9/U10/U11/U12/U13/U14.

Þetta er grasrótastarfið í London, garðurinn er fullur af ungum krökkum í fótbolta og skorum við á alla sem eru í London yfir helgi að kíkja á þetta starf. Þarna koma nýsagnarar stóru félaganna og leita að ungum strákum. Mjög misjafnlega var staðið að æfingum þarna og oftast ekki sáust langar biðraðir við æfingastöðvarnar.

Kl. 13-17. Farið á White Hart Lane og horft á leik Tottenham Hotspurs og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni, frábær endapunktur á frábærri ferð.

## **3. febrúar (sunnudagur).**

Síðasta degi ferðarinnar varið í skoðunar- og verslunarferð. Haldið heim á leið síðdegis.

Þessi ferð var skipulögð af norska þjálfarafélaginu og var hún mjög lærdómrík. Við mælum endregið með því að þeir þjálfarar sem eiga þess kost fari í þessar ferðir með norðmönnum, allt skipulag og áherslur voru úthugsaðar og séð til þess að maður hefði nóg að gera.

Virðingarfyllst,

Ásgrímur Helgi Einarsson þjálfari mfl.ka. Álftanesi  
Birgir Jónasson yfirþjálfari drengja flokka Álftanesi  
Björgvin Júníusson framkvæmdastjóri Álftaness.